

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 30. 11. 2019

Efni: Umsögn um


**Frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996
(verkfallsréttur lögreglumanna).
150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal 68 — 68. mál.**

Stjórn Félags Yfirlögregluþjóna, FY, er sammála framangreindu frumvarpi og hvetur Alþingi til að samþykkja frumvarpið. Verkfallsréttur er eitt af grundvallar réttindum stéttarfélags.

Verkfallsréttur lögreglumanna var árið 1986 tekinn af lögreglumönnum eftir að Landssamband Lögreglumanna hafði samið um það í kjarasamningi, undir þvingunum af hálfu viðsemjanda síns. Það sem stétt lögreglumanna fékk í staðinn var samkomulag sem var kallað Viðmiðunarsamkomulag, hvar lögreglumenn áttu að hafa viðmið í sínum launum við nokkrar opinberar stéttir til framtíðar. Þetta samkomulag var nær ætíð til vandræða og aldrei almennilega uppfyllt að mati lögreglumanna. Í kjarasamningi LL árið 2005 var Viðmiðunarsamkomulagið tekið út úr samningnum, aftur undir þvingunum, að kröfu samninganefndar ríkisins.

Af framansögðu er það því réttlætismál að lögreglumenn fái verkfallsrétt aftur og ítrekum við því stuðning okkar við umrætt frumvarp.

Virðingarfyllst,



Óskar Bjartmarz
formaður FY